

Fundargerð 28. fundar skráningarráðs Gegnis fimmtudaginn 11. janúar 2007

Haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37 kl. 14-16

Fundarmenn: Fanney Sigurgeirsdóttir (fundarritari), Guðný Ragnarsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir

Auk þess sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna og Ragna Steinarsdóttir ritstjóri efnisorða

1. **Fundargerð síðasta fundar** var lögð fram og samþykkt.
2. **Efnisorðavinna.** RS sagði frá vinnu efnisorðaráðs og fundi með stjórn Landskerfis Bókasafna. Búið er að skila skýrslu til stjórnar vegna áætlunar um efnisorðavinna. Nauðsynlegt er fyrir efnisorðaráð að hafa thesaurusforrit til að vinna efnisorðalykilinn í því ekki er hægt að vinna beint inn í Gegni. Til er gömul útgáfa af Multites en hana er ekki hægt að birta á vef.
3. **Skráningarheimildir.** Mál skrásetjara sem hefur verið til umfjöllunar í skráningarráði, sbr. fundargerð síðasta fundar, var afgreitt þannig að ritstjóri bókfræðigrunnss Gegnis, Hildur Gunnlaugsdóttir, var útnefnd tilsjónarmaður. Mælt er með að aðrir skrásetjarar safnsins taki þátt í því ferli. Formaður tilkynnir viðkomandi skrásetjara og yfirmanni hans niðurstöðuna bréflega. Ferlið við endurskoðun á skráningarheimildum og vinnureglur skráningarráðs voru ræddar og að nauðsynlegt væri að framfylgja frekar gæðaeftirliti með skráningu.
4. **Greining útgáfuárs.** Umræðum um skjalið *Greining útgáfuárs á bókum* var haldið áfram. FS dreifði útprenti úr RDA, nýjum skráningarreglum sem taka munu gildi árið 2009, og er skjalið um greiningu útgáfuárs í samræmi við það sem þar stendur. Skjalið var samþykkt til prófunar og verður sett á vef Landskerfis bókasafna.
5. **Skráning leikhandrita.** ÞS lagði fram erindi frá Listaháskóla Íslands um skráningu á leikhandritum. Rætt var almennt um skráningu á útgefnu efni. Ákveðið var að stofna vinnuhóp um skráningu á leikhandritum. Í honum verða Hildur Gunnlaugsdóttir, Sigrún Hauksdóttir og aðili frá Listaháskóla Íslands. Tilraunaverkefni verði sett í gang þar sem skráðar verði um 50 færslur fyrir leikhandrit og þær svo skoðaðar með tilliti til kóða og fleiri atriða til að ákveða framhaldið.
6. **Önnur mál**
 - a) *Skráningarráðstefna.* HG sagði frá skráningarráðstefnunni Back to basics sem haldin verður í febrúar. Þátttakendafjöldi er nú um 200 víða að úr heiminum.
 - b) *Skráningarnámskeið.* HG sagði frá upprifjunarnámskeiði í skráningu sem haldið var í Þjóðarþóklöðu í desember. Þátttakendafjöldi var um 30 og var námskeiðsgjald 15.000 kr.